



Fréttatilkynning

06 July 2025 21:33:00 GMT

Arion banki og Kvika banki í samrunaviðræður

Föstudaginn 4. júlí ítrekaði stjórn Arion banka hf. ósk sína frá 27. maí síðastliðnum um samrunaviðræður við stjórn Kviku banka hf. Stjórn Kviku hefur ákveðið að verða við ósk stjórnar Arion og hafa félögin ritað undir viljayfirlýsingu þess efnis.

Viljayfirlýsingin felur í sér að fyrir alla hluti í Kviku fá hluthafar Kviku 485.237.822 nýja hluti í Arion banka og eignist með því 26% hlut í sameinuðu félagi. Endurspeglar það gengið 19,17 krónur á hlut fyrir Kviku banka og 174,5 krónur á hlut fyrir Arion banka. Gert er ráð fyrir sanngjarnri leiðréttingu skiptihlutfalla komi til úthlutunar af fjármunum félaganna til hluthafa fram til þess dags er samruninn tæki gildi.

Gert er ráð fyrir að viðræður vegna samruna bankanna hefjist á næstu dögum. Endanlegur samruni Arion banka og Kviku banka er háður samþykki eftirlitsaðila og hluthafafunda félaganna.

Tækifærin sem felast í samruna félaganna eru fjölmörg, bæði fyrir viðskiptavinum og hluthafa. Gangi ferlið eftir verður til öflugur banki sem er einstaklega vel í stakk búinn að mæta fjölbreyttum fjármálaþörfum einstaklinga, fyrirtækja og fjárfesta.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengsl Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, samskiptasvid@arionbanki.is, s. 856 7108.

Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR), þann 2025-07-06 21:33 GMT.

Viðhengi

[Arion banki og Kvika banki í samrunaviðræður](#)